

Nd.

58. Frumvarp til laga

[55. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í stað „50 millj. kr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna komi „150 millj. kr. eða jafngildi þeirra í erlendri mynt“.

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

„Þegar Fiskveiðasjóður endurlánar erlent lánsfé, er heimilt að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenskrar krónu á lánstímanum“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna hinna gífurlegu skipasmíða undanfarin ár, hefur Fiskveiðasjóði hvergi nærri dugað hans eigið fé, og þær tekjur, sem sjóðnum eru ætlaðar í lögum til að anna lánþörfinni. Útlán sjóðsins hafa því að verulegu leyti verið endurlán erlendra lána, sem tekin hafa verið með aðstoð Framkvæmdabankans.

Þessi erlendu lán, sem ríkissjóður hefur ábyrgzt skv. heimild í 3. gr. laga 40/1955 um Fiskveiðasjóð Íslands, hækkuðu í íslenskum krónum við gengisbreytinguna á s. l. vetri í rúmar 64.5 millj. króna.

Vegna þessa, og svo þess, að fyrirhugaðar eru frekari erlendar lántökur til Fiskveiðasjóðs, er nauðsynlegt að hækka hið lögleyfða hámark ábyrgða ríkissjóðs á lánnum Fiskveiðasjóðs í kr. 150 millj. eða jafngildi þeirra í erlendri mynt, svo sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins.

Öll útlán sjóðsins fram til þessa hafa verið veitt í íslenskum krónum, og nemur gengistap sjóðsins af endurlánuðu erlendu lánsfé nú rúmum 28 milljónum króna.

Stefnir ákvæði 2. gr. frumvarpsins að því að forða sjóðnum frá að bera framvegis gengisáhættu á erlendum lánnum, sem hann endurlánar.